**Sþ.**

# 1270. Þingsályktun

um listasafn o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstjórnin á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveizlu og sýnis sem fullkomnustu safni af málverkum eftir þennan listamann.